

## Fundargerð

**Hópur:** Stýrihópur um heildstæðan unglingaskóla í sunnanverðum Grafarvogi – annar fundur.

**Starfsmaður:** Ásgeir Björgvinsson Skóla – og frístundasviði sem ritaði fundargerð.

**Fundardagur:** 20. september 2011

**Tími:** 16:00-18:00

**Fundarstaður:** Foldaskóli

### Viðstaddir:

#### *Frá Foldaskóla*

Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson skólastjóri  
Kristrún Guðjónsdóttir fulltrúi starfsmanna  
Oddný Árnadóttir fulltrúi foreldra  
Viðar Karlsson fulltrúi foreldra

#### *Frá Hamraskóla*

Yngvi Hagalínsson skólastjóri  
Guðmunda Gunnlaugsdóttir fulltrúi starfsmanna  
Linda Kristíndóttir fulltrúi foreldra

#### *Frá Húsaskóla*

Valgerður Selma Guðnadóttir skólastjóri  
Sesselja Þorbjörnsdóttir fulltrúi starfsmanna  
Haraldur Sigurðsson fulltrúi foreldra  
Magnea Lena Björnsdóttir fulltrúi foreldra

#### *Frá Frístundamiðstöðinni Gufunesbær*

Hulda Valdís Valdimarsdóttir deildarstjóri

#### *Frá Skóla – og frístundasviði*

Auður Árný Stefánsdóttir formaður stýrihóps  
Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi  
Hildur Sigurðardóttir mannauðsráðgjafi

Oddný Árnadóttir hefur tekið sæti Hlédísar Sigurðardóttur sem annar fulltrúi foreldra í Foldaskóla. Ingibjörg Sigurþórsdóttir fulltrúi Miðgarðs gat ekki setið fundinn.

### Þetta gerðist:

1. Hópurinn gekk um það húsnaði Foldaskóla sem kemur til með að hýsa nemendur hinnar sameinuðu unglingadeildar.
2. Ingibjörg Gísladóttir mannauðsráðgjafi á Skóla – og frístundasviði kynnti fyrirhugaða verkefnagreiningu fyrir hópnum. Verkefnið, sem unnið var á fundinum, felst í því að greina eftirfarandi fimm þætti:
  - Hagsmunaaðila sameiningarinnar eins og nemendur, starfsfólk, stjórnendur og foreldra,
  - væntingar hagsmunaaðila,
  - markmið stýrihópsins til að koma til móts við væntingar hagsmunaaðila,
  - mælanleg markmið svo hægt sé að mæla hversu vel hefur tekist til að koma til móts við væntingar hagsmunaaðila,
  - og leiðir til að ná þessum markmiðum og koma til móts við væntingar hagsmunaaðila.

Hópurinn vann saman og voru hugmyndir fulltrúanna skráðar niður jafnóðum. Með hjálp tölvu og myndvarpa gátu fulltrúarnir fylgst með skráningu uppi á vegg.

Niðurstöður þessarar vinnu munu birtast í verk- og tímaáætlun fyrir sameiningarverkefnið. Sú áætlun verður gerð aðgengileg á vefsvæði hópsins.

**Eftirtaldar ákvarðanir voru teknar:**

- Næsti fundur fer fram þriðjudaginn 4. október kl. 16.00 í Foldaskóla. Upphaflega ætlaði hópurinn að heimsækja Árbæjarskóla en ekki reyndist unnt að taka á móti hópnum þann dag.
- Á næsta fundi verður haldið áfram með verkefnagreiningu.

Fundi slitið kl. 18:00